



TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI GAMLA BÆJARINS Á SAUÐÁRKRÓKI



DEILISKIPULAG GAMLA BÆJAR BÆJARINS
SKIPULAGSUPPDRÁTTUR - FYRIR BREYTINGU
UPPRUNI: ARKÍTEKT ÁRNI

Mkv. 1:2.000



DEILISKIPULAG GAMLA BÆJAR BÆJARINS
SKIPULAGSUPPDRÁTTUR - EFTIR BREYTINGU

Mkv. 1:2.000

SKÝRINGAR:

- BREYTINGARSVÆÐI
- AFMÖRKUN SKIPULAGSSVÆÐIS
- SVÆÐI SEM FELLUR ÚT ÚR GILDANDI DEILISKIPULAGI

Breyting þessi á deiliskipulagi gamla bæjarins á Sauðárkróki, sem hefur verið auglýst skv. ákvæði 41. gr. skipulagslaga nr. 123 / 2010 var samþykkt í skipulagsnefnd Skagafjarðar

þann _____ 20____ og

í sveitarstjórn þann _____ 20____

Tillagan var auglýst frá _____ 20____ með

athugasemdarfresti til _____ 20____.

Auglýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann _____ 20____.

Skipulagsfulltrúi Skagafjarðar

GREINARGERÐ

1 Forsendur, staða skipulags og markmið

1.1 Aðdragandi

Í vinnslu er nýtt deiliskipulag fyrir Skógargötureitinn svokallaða á Sauðárkróki. Skipulagssvæði þess deiliskipulags afmarkast af Skógargötu að vestan, Kambastíg að norðan, Aðalgötu að austan og göngustíg að sunnan. Svæðið er innan deiliskipulags gamla bæjarins á Sauðárkróki frá 1987. Deiliskipulag Skógargötureitarins kallar á breytingu á gildandi deiliskipulagi gamla bæjarins þar sem hlut skipulagssvæðisins fellur út en skv. 5.3.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 mega deiliskipulagssvæði ekki skarast.

1.2 Viðfangsefni

Viðfangsefnið er deiliskipulag gamla bæjarins á Sauðárkróki sem var staðfest þann 10.02.1987. Breytingin snýr að breytingu á skipulagssvæði gamla bæjarins skv. gildandi deiliskipulagi. Breytingarsvæðið er sýnt á meðfylgjandi uppdraetti, fyrir breytingu.

1.3 Aðalskipulag

Breytingarsvæðið er innan íbúðabygðar nr. ÍB401 í aðalskipulagi Skagafjarðar 2020-2035 og verndarsvæðis nr. MV401. Breytingin þessi er í samræmi við ákvæði aðalskipulags.

1.4 Minjavernd

Fyrir liggur skýrsla Byggingasafns Skagfirðinga frá 2018, Verndarsvæði í byggð – Sauðárkrúkur Fornleifaskráning, unnin af Guðnýju Zoëga og Sólveigu Olgu Sigurðardóttur. Þrjár skráningar eru innan skipulagssvæðisins og 1 til viðbótar við skipulagmörk að vestanverðu, við Skógargötu 3. Breyting þessi hefur ekki áhrif á minjar innan skipulagssvæðisins.

1.5 Tengsl við aðrar áætlanir

Eins og áður segir er í vinnslu tillaga að deiliskipulagi fyrir Skógargötureitinn. Breytingarsvæðið samsvarar skipulagssvæði Skógargötureitsins.

1.6 Markmið og kynning

Markmið deiliskipulags eru að fara eftir ákvæði 5.3.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013 um skörun deiliskipulagssvæða.

Tillaga að breytingu á deiliskipulagi verður auglýst skv. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, samhliða auglýsingu deiliskipulagstillögu fyrir Skógargötureitinn. Auglýsing birtist í blöðum og á vef sveitarfélagsins. Skipulagsgögn verða aðgengileg á vef skipulagsgáttar, www.skiplagsgatt.is, í Ráðhúsi Skagafjarðar að Skagfirðingabraut 21, 550 Sauðárkróki á opnunartíma og á vef sveitarfélagsins, www.skagafjordur.is. Með því gefst umsagnaraðilum og öðrum, sem telja sig eiga hagsmuni að gæta, kostur á að leggja fram ábendingar um deiliskipulagstillöguna. Umsögnum skal skila skriflega á vef málsins í skipulagsgátt, í Ráðhúsi Skagafjarðar á opnunartíma eða í tölvupósti á netfangið skiplagsfulltrui@skagafjordur.is.

2 Breyting á deiliskipulagi

2.1 Skipulagsuppdráttur


Hér að ofan er skipulagsuppdráttur gamla bæjarins á Sauðárkróki fyrir og eftir breytingu. Breyting á uppdrætti er að svæði sem afmarkast af Aðalgötu að austan, göngustíg að sunnan, Skógargötu að vestan og göngustíg og bílastæðum við Kaupvangstorg, skv. gildandi deiliskipulagi, að norðan. Svæði þetta fellur út í deiliskipulagi gamla bæjarins á Sauðárkróki. Skipulagssvæði gamla bæjarins minnkar um 6.380 m².

2.2 Greinargerð

Skilmálar sem eiga við umrætt svæði falla út og skilmálar deiliskipulags Skógargötureitsins taka gildi.

3 Umhverfisskýrsla

Tillaga þessi að deiliskipulagi gerir ekki ráð fyrir framkvæmdum sem falla undir 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Breyting þessi hefur óveruleg áhrif á umhverfi umfram áhrif gildandi deiliskipulags.



AÐALSKIPULAG SKAGAFJARÐAR 2020-2035
ÞÉTTBYLISUPPDRÁTTUR SAUÐÁRKRÓKUR
UPPRUNI: VSO

Mkv. 1:10.000

SAUÐÁRKRÓKUR - DEILISKIPULAG GAMLA BÆJARINS TILLAGA AÐ BREYTINGU Á DEILISKIPULAGI

	Dags.	SKIPULAGSUPPDRÁTTUR OG GREINARGERÐ		Útgáfa.
	04.09.2024			1.0
Verknr.	Hannað/Telmað.	Kvaröl.	Bláðast.	Uppdráttur nr. DS01
56291601	BMÁ	1:2.000 1:10.000	A2	

Skrá: 56291601DSK Gamla bæjarins breyting DS01.dgn